

Erindi til Stjórnlagaráðs – Lögeyrisvaldið.

Fylgiskjal 1.

William Paterson (1658 – 1719), stofnandi Seðlabanka Englands sem þá var í einkaeigu. Honum eru eignuð þessi orð:

“Bankinn hefur hag af vöxtum á öllum peningum sem hann býr til úr engu.”

Thomas Jefferson (1743 – 1826), höfundur sjálfstæðisyfirlýsingar Bandaríkjanna og þriðji forseti þeirra, varaði við því að afhenda einkabönkum valdið til að gefa út gjaldmiðil þjóðarinnar, lögeyrinn. Varúðarorð hans eiga vel við í dag, en hann sagði:

„Ef bandaríska þjóðin leyfir einkabönkum nokkurn tíma að stjórna útgáfu þjóðargjaldmiðilsins, fyrst með verðbólgu, síðan með verðhjöðnun, þá munu bankarnir og einkafyrirtækin sem vaxa upp í kringum þá svipta fólkinu öllum þeirra eigum þar til börnin þeirra vakna heimilislaus í landinu sem forfeður þeirra byggðu.“ - Thomas Jefferson.

Vitnisburður Charles C. Mayer, Hearings Before the Committee on Banking and Currency, House of Representatives, Seventy-fourth Congress, First Session, on H.R. 5357, p. 799

“Ég er sannfærður að bankastofnannir eru hættulegri frelsi okkar en herir. Útgáfuvaldið ætti að taka frá bönkum og færa fólkinu sem á réttilega að fá það aftur. - Thomas Jefferson.

Joshua Douglass, "Bimetallism and Currency", American Magazine of Civics, 7:256). Samantekt úr bréfum Jeffersons til John Taylor 1816, Josephus B. Stuart 1817 og John W. Eppes in 1813.

James Madison (1751 - 1836), aðalhöfundur stjórnarskrár Bandaríkjanna og fjórði forseti þeirra:

“Sagan segir okkur að peninga-skiptararnir hafa notað allar mögulegar gerðir af blekkingum, svindli, svikum, and ofbeldi til að viðhalda valdi sínu yfir ríkisstjórnnum með því að stjórna peningum og útgáfu þeirra.”

The Story of Our Money. Boston, Massachusetts: Meador Publishing Company. p. 71.

Mayer Amschel Rothschild (1744 -1812), fyrsti leggur einnar elstu og ríkustu bankafjölskyldu heims, er eignuð þessi orð:

“Gefðu mér vald yfir peningum þjóðar og mér er sama hver samþykkir lögin.”

Baron Nathan Mayer Rothschild (1777 – 1836), annar ættliður Rothchild banka fjölskyldunnar, bankamaður ríkisstjórna og stjórnfrjárfestir. Honum eru eignuð þessi orð:

“Mér er sama hvaða strengjabrúða er sett í hásæti Englands til að ráða yfir heimsveldinu, [...] Maðurinn sem stjórnar peningaframboði Bretlands stjórnar breska heimsveldinu. Og ég stjórna peningaframboðinu.”

Rothchild bræðrur í London í skrifum til samstarfsaðila í New York 1863. Heimild vantar en sagan er góð og lýsandi.

“Þeir fáu sem skilja kerfið verða annað hvort svo áhugasamir um hagnað þess eða svo háðir hlunnindum þess að það verður engin andstaða frá þeim hópi, á hin bóginn er megin þorri fólks, sem er ófært um að skilja gríðarlegan hagnað sem fjármagnseigendur fá úr kerfinu, sem mun bera byrgðar þess án kvartanna, og kannski án þess að gruna að kerfið er andstætt þeirra hagsmunum.”

Reginald McKenna (1863 – 1943), breskur þingmaður og bankastjóri.

“Ég er hræddur um að hinum almenna borgara mun ekki líka við að vera sagt að bankarnir búa til peninga. Og að þeir sem stjórna peningum þjóða ráða stefnu stjórnvalda og hafa örlög fólkins í hendi sér.”

Sem bankastjóri Midland Bank í ávarpi til hlutahafa 1924.

Franklin D. Roosevelt (1882 – 1945), 32 forseti Bandaríkjanna frá 1933 - 1945.

“Sannleikurinn er sá, eins og við vitum, að fjármálaaðilar í stóru byggðakjörnunum hafa átt ríkisstjórnina frá dögum Andrew Jackson.” Andrew Jackson var forseti Bandaríkjanna frá 1829 – 1837. Í bréfi til Colonel House, 21. Nóvember, 1933.

Carroll Quigley (1910 - 1977), sagnfræðiprófessor við Háskólann í Georgetown og lærifaðir Bill Clintons fyrrum forseta Bandaríkjanna:

“Stjórnendur fjármála kapitalisma höfðu annað langtímamarkmið, hvorki meira né minna en að skapa alheimskerfi fjármálastjórnar í höndum einkaaðila sem gæti drottnað yfir stjórnmalakerfi hvers lands og hagkerfis heimsins alls.”

Carroll Quigley (1966).Page: 323-324. Tragedy and Hope: A History of the World in Our Time. New York: Macmillan.

John Kenneth Galbraith (1908 – 2006), fyrrum prófessor við Harvard háskóla og einn þekktasti hagfræðingur Bandaríkjanna á sínum líftíma:

“Peningafræði, umfram öll önnur svið hagfræðinnar, er þau fræði þar sem flækjur eru notaðar til að fela sannleikan eða sneiða hjá honum.”

‘Money: Whence it came, where it went’ (1975) Kafli 1. Bls 5.